

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR FEBG 2026

*Aðalfundur Félags eldri borgara í Garðabæ, haldinn í Jónshúsi, kl. 14:00
fimmtudaginn 26. febrúar 2026.*

Formaður félagsins, Anna R. Möller, setti fundinn bauð félagsmenn og gesti velkomna í Jónshús og lýsti yfir ánægju með góða mætingu félagsmanna.

Gestir fundarins voru: Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Björg Fenger, formaður bæjarráðs, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðstjóri velferðarsviðs, Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður öldrunarmála, Björn Snæbjörnsson, formaður LEB, Ásta Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri LEB, Janus Guðlaugsson, Ragnar Örn Kormáksson og Sævar Þór Gylfason frá Janusi Heilsuefningu. Formaður minntist síðan félag, sem látist hafa á árinu og bað fundarmenn um að votta þeim virðingu sína og hlýhug með því að rísa úr sætum.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður lagði til að Guðjón Erling Friðriksson tæki að sér fundarstjórn og að Lára Kjartansdóttir tæki að sér fundarritun og var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði traustið fyrir sig sem fundarstjóra og Láru sem fundarritara og lýsti yfir að löglega hefði verið boðað til aðalfundarins með auglýsingu á heimasíðu félagsins, í fjölpósti, á Facebook, í anddyri Jónshúss og í Garðapóstinum. Engin athugasemd kom fram um boðun fundarins. Fundarstjóri upplýsti síðan að veitingar yrðu bornar fram að loknum fundi og að fyrsti liður á dagskrá væri skýrsla stjórnar flutt af formanni félagsins.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Anna R. Möller, formaður tók til máls og ítrekaði ánægju sína með góða mætingu og bar fram kveðju frá Sólveigu Valgeirsdóttur, forstöðumanni félagsmiðsstöðvar eldri borgara í Jónshúsi, sem stödd er í skíðaferð á Akureyri.

Formaður renndi síðan yfir starf félagsins á síðasta ári, sagði að síðasti aðalfundur FEBG hafi farið fram í Jónshúsi 6.mars 2025 og taldi upp nöfn stjórnarmanna sem kosnir voru, skiptingu innan stjórnar og fjölda stjórnarfunda. Ræddi um fjölda félagsmanna en 2300 félagar eru skráðir og hefur fjölgað töluvert og taldi upp allt sem í boði er á vegum félagsins og Jónshúss sem er mjög fjölbreytt: hreyfing, fyrirlestrar, námskeið, skemmtanir, ferðalög og ýmislegt fleira. Einnig ræddi formaður um gott samstarf og samning milli Garðabæjar og FEBG og lýsti yfir þakklæti fyrir stuðning bæjarins.

Skýrsla stjórnar fylgir með fundargerð þessari.

3. Ársreikningur lagður fram til umræðna og afgreiðslu

Sturla Þorsteinsson, gjaldkeri félagsins, tók við og byrjaði á að segja skemmtilega sögu, úr starfi sínu sem kennari og fór því næst yfir ársreikning ársins 2025 sem skilaði hagnaði.

Tekjur hækkuðu og rekstrartekjur ársins voru kr. 40.240.574, hækkuðu frá 2024. Rekstrargjöld voru samtals kr. 38.394.173, rekstrarhagnaður ársins kr. 1.846.401. Vaxtatekjur voru kr. 325.390. Hagnaður ársins kr. 2.171.791 miðað við tap fyrra árs kr.3.829.375.

Veltufjármunir á efnahagsreikningi voru kr. 8.500.536. Eigið fé kr. 8.326.005, skuldir kr. 174.531 þannig að skuldir og eigið fé er alls kr. 8.500.536.

Spurt var um afskrifaðar kröfur og gjaldkeri svaraði að væru ógreidd félagsgjöld 2023 og 2024.

Engin kvaddi sér hljóðs um skýrslu stjórnar eða ársreikning.

Fundarstjóri bar upp ársreikning til atkvæða og var hann samþykktur með megin þorra atkvæða.

4. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs kynnt

Formaður tók til máls og kynnti fjárhagsáætlun FEBG 2026. Framlag frá Garðabæ samkvæmt samningi við félagið verður kr. 19.000.000 á árinu. Félagsgjöld eru áætluð kr. 8.400.000 og tekjur af hreyfingu og félagsstarfi áætluð kr. 11.000.000. Samtals rekstrartekjur því kr. 38.400.000.

Aðildargjöld að LEB eru kr. 900 á hvern félagsmann eða kr. 1.800.000 samtals.

Kostnaður við hreyfingar og félagsstarf kr.15.624.600. Greiðslur vegna Janusar verkefnis kr. 12.150.000 og rekstur FEBG kr. 7.043.800. Samtals áætluð gjöld kr.36.618.400.

Tekjur umfram gjöld yrðu því kr. 1.781.600.

Fjárhagaáætlun var samþykkt með megin þorra atkvæða.

5. Ákvörðun árgjalds

Fundarstjóri kynnti að fyrir liggi tillaga um óbreytt árgjald fyrir árið 2026 kr. 4.000. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

6. Kosningar

a) Anna R. Möller gefur kost á sér til endurkjörs sem var samþykkt með lófaklappi.

b) Kosning fjögurra manna í stjórn. Engilbert Gíslason, Helgi Halldórsson, Magnús Halldórsson og Sturla Þorsteinsson gefa kost á sér. Samþykkt með lófaklappi.

- c) Kosning þriggja manna varastjórn. Bryndís Sveinsdóttir, Lene Hjaltason og Sigríður Jóhannesdóttir gefa kost á sér. Samþykkt með lófaklappi.
- d) Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga. Daði Guðmundsson, Gunnar Guðmundsson og Ástbjörn Egilsson til vara gefa kost á sér áfram. Samþykkt með lófaklappi.

7. Lagabreytingar

Fundarstjóri tilkynnti að engar lagabreytingar hefðu borist.

8. Önnur mál

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, tók til máls, þakkaði Birni Snæbjörnssyni fyrir hans kynningu. Ræddi síðan um ársreikning félagsins og hrósaði stjórn fyrir hvernig hún hefur haldið á málum. Taldi að 2100 manns myndu greiða félagsgjald til FEBG á þessu ári og ræddi um framlag Garðabæjar til félagsins, sem er framlag fyrir þá vinnu sem félagið leggur til fyrir bæjarfélagið og íbúa þess.

Sagðist hafa verið boðinn í Þorablót félagsins og sagði frá ræðu sinni þar og vísu sem hann fór með að því tilefni og flutti því næst vísuna við mikinn fögnuð fundarmanna.

Flutti því næst nokkur orð um starfsemi félagsins og samstarf sem bærinn styður við eftir bestu getu. Ræddi aðeins um Lambamýri, nýtt félagsheimili Félags eldri borgara á Álftanesi og lýsti ánægju með að félögin ætla að eiga samstarf varðandi nýtingu á húsnæði. Starfsemin í Jónhúsi hefur eflst sem er ánægjulegt og að matur væri mannsins megin og það hefði áhrif. Miðgarður er nýttur vel af eldri borgurum fyrir göngu t.d. vegna hálfu og verið er að opna rými á 2. hæð sem mun efla starfsemina. Þar verður m.a. sjúkraþjálfun Garðabæjar og þreksalur verður þar einnig. Bæjarstjóri sagði frá samtölum við mennta og barnamálaráðuneytið þar sem rætt hefur verið um byggingu hjúkrunarheimilis og stefnt er að því að eitthvað jákvætt verði e.t.v. hægt að ræða um fljótlega í Vetrarmýri. Tekur kannski lagið með Ingu Sæland ef vel fer.

Þakkaði aftur fyrir samstarfið við félagið sem að hans mati hefur verið gott. Ræddi aðeins um boccia í lokin, sem hefði verið skemmtilegt að prófa, og tók undir með Önnu formanni með að hvetja félagsmenn til þátttöku þar. Sagði í lokin “ Höldum keik áfram inn í nýtt ár, 50 ára afmæli Garðabæjar á þessu ári.”

Svanhildur Þengilsdóttir tók næst til máls og óskaði formanni og nýkjörinni stjórn til hamingju og minnti á íbúafingið sem fyrirhugað er 11. mars í Sjálandi og hvatti fólk til að skrá sig. Þeir sem ekki komast geta sent inn blað með hugmyndum.

Hildigunnur Haraldsdóttir tók til máls og þakkaði fyrir þennan fund . Sagðist vera í Byggingarsamvinnufélagi eldri borgara í Garðabæ sem hafi verið tekið mjög vel af bænum og vildi þakka fyrir það.

Fundarstjóri afhenti síðan fundinn til formanns til slita.

Formaður sagðist vera byrja sitt þriðja ár sem formaður og að sannur heiður væri að starfa áfram fyrir félagið. Sagði að aðalstjórn yrði frekar karllæg en á móti væri varastjórnin kvenlæg. Ræddi um samstarf við Félag eldri borgara á Álftanesi sem hefði ekki verið mikið en sagði frá göngu sem farin var um Álftanes sem lukkaðist vel og móttökur góðar af Álftnesingum.

Raddir hafi heyrst um sameiningu og sagðist formaður ekki vera á þeirri blaðsíðu en tók undir og fagnaði frekara samstarfi. Sérstakt fagnaðarefni sé að heyra að í undirbúningi er að reisa í bænum nýtt hjúkrunarheimili.

Þakkaði Hildigunni fyrir að taka til máls og kynna sitt félag.

Þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og fundarritara, sem nú hættir í stjórn skv. 5 ára reglu, og færði Lára blómvönd í þakklætisskyni fyrir sín störf undanfarin ár sem fundarritara stjórnarfunda og aðalfunda félagsins. Lára þakkaði fyrir sig með nokkrum orðum til fundargesta.

Formaður þakkaði næst Ingibjörgu Haraldsdóttur, eiginkonu gjaldkera, sem hefur tekið fullan þátt í störfum gjaldkera, og færði henni blómvönd í þakklætisskyni.

Formaður sleit næst fundi og upplýsti fundargesti um að boðið yrði uppá kaffi og meðlæti fyrir alla viðstadda.

Fundi slitið kl.15.05

Fundinn ritaði Lára Kjartansdóttir